

Mál nr 2/2012

Ár 2012, þriðjudaginn 30. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 2/2012

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 7. febrúar 2012 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri við þörun. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 10. febrúar og henni gefinn frestur til 9. mars til að skila inn andmælum. Hinn 6. mars móttók siðanefnd andsvar með tölvupósti og var afrit af því sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum 8. maí þar sem báðir aðilar mættu og reifuðu málin eins og þau horfðu við þeim. Sættir tókust ekki en þar siðanefnd taldi að öll sjónarmið er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt þörunarvottorði dagsettu 6. júlí 2011 var tíkin XX sem er í eigu kærðu Y þöruð við rakkann YY. Hundarnir eru af hundakyninu chinese crested. Við þörunina var tíkin 13 mánaða gömul og hafði því ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ kveða á um og telur kærandi X að kærða Y hafi gerst brotleg við þær reglur. Kærða Y svaraði því til að þörunin hafi á engan hátt verið ætluð, heldur hafi verið um að ræða slysgot og kærða Y hafi ekki áttað sig á því fyrr en of seint. Hún hafi nú gert ráðstafanir til þess að slíkt geti ekki komið fyrir aftur.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Og samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin langt undir þeim aldri sem reglur kveða á um. Það er jafnframt alfarið á ábyrgð eiganda að tíkur parist ekki fyrir slysi. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ, reglur sem settar eru með dýravernd að leiðarljósi. Við mat á viðurlögum skal þó litið til þess að kærða Y hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglurnar og jafnframt heitið því að það muni aldrei gerast aftur.

IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst vera brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt.

f.h. siðanefndar

Sign: *Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir*